

Reglur Bergrisans bs á þjónustusvæði Suðurlands um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk

Fjölskyldusvið í Árborg, Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings og Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu.

I. kafli Almenn ákvæði

1. gr.

Grundvöllur notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar

Reglur byggðasamlagsins Bergrisans um notendastýrða persónulega aðstoð hér eftir NPA fyrir fatlað fólk grundvallast á 11.gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og reglugerð um NPA nr. 1250/2018.

Við framkvæmd reglna þessara skulu ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, þ.m.t. ákvæði er lúta að viðeigandi aðlögun, höfð að leiðarljósi.

Árlegur fjöldi nýrra samninga um NPA miðast við samþykktu fjárhagsáætlun lögheimilissveitarfélags ár hvert. Í ljósi þess verða þeir í forgangi fyrir þjónustuna sem hafa einstaklingsbundnar þarfir sem ekki hefur verið hægt að koma til móts við á annan hátt og fyrir liggur faglegt mat á því að NPA sé hentugt form til að mæta þjónustubörfum þeirra.

2. gr.

Inntak notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar

NPA byggir á hugmyndafræði um sjálfstætt líf og er markmiðið að koma til móts við þarfir fatlaðs fólks svo að það megi lifa sjálfstæðu og virku lífi og hafi val um hvernig aðstoðinni við það er háttað.

NPA er skipulögð á forsendum notandans og er ætíð undir verkstýringu og verkstjórn hans og eftir atvikum með stuðningi aðstoðarverkstjórnanda. NPA felur í sér mánaðarlegar greiðslur til umsýsluaðila og er þeim ætlað að greiða launakostnað aðstoðarfólks, starfsmannakostnað og umsýslukostnað.

3. gr.

Skilgreiningar

1. *Bergrisinn bs. er byggðasamlag sem stofnað var skv. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og heldur utan um málefni fatlaðs fólks á Suðurlandi. Innan Bergrisans bs. eru þrjú félagsþjónustusvæði sem starfa í umboði hans: fjölskyldusvið Sveitarfélagsins Árborgar, Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings og Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Innan þeirra eru eftirtalin sveitarfélög: Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Grímsnes- og Grafningshreppur, Flóahreppur, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Skaftárhreppur og Mýrdalshreppur. Bera sveitarfélögin einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlagsins.*
2. *Þjónusturáð: Ráðið starfar á grundvelli erindisbréfs og gerir tillögur um stærri ákvarðanir og stefnumörkun til stjórnar Bergrisans bs. Þjónusturáð er skipað þremur yfirmönnum í málaflokki fatlaðra fyrrgreindra félagsþjónustusvæða.*
3. *Fagteymi: Teymið er skipað af þjónusturáði á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og gildandi framkvæmdaáætlunar um málefni fatlaðs fólks. Í fagteymi sitja fulltrúar eftirtalinna félagsþjónustusvæða: fjölskyldusviðs Árborgar, Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla og V-Skaftafellssýslu.*

II. kafli

Skilyrði fyrir NPA

4. gr.

Skilyrði fyrir því að umsókn um NPA verði samþykkt

Eigi notandi rétt á þjónustu í formi NPA verða öll eftirfarandi skilyrði að vera uppfyllt til þess að umsókn verði samþykkt.

1. Umsækjandi skal hafa náð 18 ára aldri. Forsjáradili fatlaðs barns getur sótt um þjónustu í formi NPA fyrir barn sitt, uppfylli það skilyrði 2. og 3. tl. 1. mgr. 3. gr. reglna þessara.
2. Umsækjandi skal teljast fatlaður í skilningi laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
3. Umsækjandi skal þurfa daglega aðstoð sem nemur umfram 15 klukkustundum á viku.
4. Umsækjandi skal búa í sjálfstæðri búsetu. Búseta einstaklings í foreldrahúsum fellur undir sjálfstæða búsetu. Þeir sem búa í sértæku húsnæðisúrræði með sólarhringsaðstoð, þ.e. íbúðarhúsnæði sem gert hefur verið aðgengilegt fyrir tiltekna notkun eða skilgreint sérstaklega fyrir tiltekinn hóp fatlaðs fólks, geta sótt um NPA sé stefnt að flutningi í sjálfstæða búsetu. Í þeim tilvikum virkjust rétturinn til NPA við flutning úr sértækri búsetu. Einstaklingar sem búa á hjúkrunarheimili eða stofnun og þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu eiga ekki rétt á þjónustu í formi NPA.

Til þess að þjónusta í formi NPA geti hafist skal umsækjandi vera með lögheimili í einu af þeim 13 sveitarfélögum sem mynda þjónustuvæði byggðasamlagsins Bergrisans bs. Notandi skal vera með lögheimili á þjónustuvæði Bergrisans bs. á meðan þjónusta er veitt í formi NPA.

Samþykktar umsóknir um þjónustu í formi NPA raðast eftir forgangsörð hverju sinni. Ráðgjöfum félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags ber að upplýsa notanda um þá þjónustu sem honum stendur til boða á meðan beðið er eftir þjónustu í formi NPA.

5. gr.

Afgreiðsla umsóknar

Umsókn um NPA skal berast lögheimilissveitarfélagi umsækjanda.

Við afgreiðslu umsóknar leggja ráðgjafar félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags heildstætt faglegt mat, sbr. 8. gr., á því að NPA sé hentugt fyrirkomulag til að mæta þjónustupörfum umsækjanda sem hefur mikla og viðvarandi þörf fyrir aðstoð og þjónustu, s.s. við athafnir daglegs lífs, heimilishald og þátttöku í félagslífi, námi og atvinnulífi. Horft skal sérstaklega til þeirra umsækjenda sem hafa einstaklingsbundnar þarfir sem ekki hefur verið hægt að koma til móts við á annan hátt með þjónustu af hálfu aðildarsveitarfélaga Bergrisans bs.

Umsókn um NPA er því næst lögð fyrir fagteymi. Fagteymið skilar tillögum til þjónusturáðs, sem afgreiðir umsókn til stjórnar Bergrisans bs. Umsókn er samþykkt með staðfestingu stjórnar Bergrisans bs. með fyrirvara um greiðsluþátttöku ríkisins, sbr. bráðabirgðaákvæði I í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Verði umsækjanda ekki veitt þjónusta í formi NPA er umsækjanda leiðbeint um önnur þau úrræði sem honum kunna að standa til boða af hálfu Bergrisans bs.

6.gr.

Verkstjórn og aðstoðarverkstjórn

Notandi NPA skal vera í verkstjórnarhlutverki í lífi sínu, geta ákveðið hvað hann vill gera á degi hverjum og hvernig hann vill að aðstoðarfólk nýtist. Þurfi hann aðstoð við að koma þörfum sínum á framfæri skal skilgreint í einstaklingssamningi um NPA með hvaða hætti verkstjórnarhlutverk hans er tryggt, s.s. með aðstoð túlks, aðstoðarverkstjórnanda eða persónulegs talsmanns ef við á og/eða forsjáraðila ef um börn er að ræða.

7. gr.

Þjónustuhættir NPA

Eftirtalin þjónusta verður hluti af NPA og fellur þá þjónusta af hálfu félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags niður við gildistöku samnings:

- a) Stuðningsþjónusta, sbr. VII. kafli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

- b) Stoðþjónusta, sbr. 1. tl. 1. mgr. 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Þá geta aðrir töluliðir 1. mgr. 8. gr. framangreindra laga einnig átt við, eftir því sem við á.
- c) Þjónusta stuðningsfjölskyldna, sbr. 15. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- d) Skammtímadvöl, sbr. 17. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- e) Vernduð vinna, hæfing og dagþjónusta, sbr. 24. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- f) Sérþækt búsetuúrræði.

Að jafnaði fellur ofangreind þjónusta niður við ákvörðun um þjónustu í formi NPA. Umsækjandi getur þó óskað eftir því að vernduð vinna, hæfing og dagþjónusta falli ekki niður og skal taka mið af því í samkomulagi um vinnustundir.

Heimahjúkrun er ekki hluti af samkomulagi um vinnustundir. Það sama gildir um akstursþjónustu, sbr. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

III. kafli

Umsóknir og mat

8. gr.

Umsóknir og fylgigögn

Umsókn um þjónustu í formi NPA skal vera skrifleg.

Umsókn skal vera á sérstöku eyðublaði sem hægt er að nálgast á heimasíðum sveitarfélaganna.

Með umsókn skulu eftirfarandi gögn liggja fyrir, eftir því sem við á:

- a) Sjálfsmat (stutt lýsing að eigin mati hvernig umsækjandi hyggst nýta sér NPA)
- b) Örorkumat og/eða umönnunarmat.
- c) Mat á stuðningsþörf (SIS-mat).
- d) Staðfesting á fötlun, s.s. með læknisvottorði eða greiningargögn frá viðurkenndum greiningaraðilum.

9. gr.

Heildstætt mat á stuðningsþörf

Ráðgjafar sveitarfélaganna skulu í samráði við umsækjanda og/eða persónulegan talsmann, þegar við á, vinna heildstætt mat á stuðningsþörf með hliðsjón af framlögðum gögnum sbr. 7.gr. og þjónustubörf umsækjanda. Samráð skal haft við umsækjanda og persónulegan talsmann ef hann kys að hafa viðkomandi aðila með sér í matsferlinu. Við matið er tekið mið af óskum og þörfum umsækjanda og mati ráðgjafa á þörf umsækjanda fyrir þjónustu. Matið skal sýna

þörf umsækjanda fyrir stuðning þar sem fram kemur sá tímafjöldi þjónustu sem umsækjandi þarf að jafnaði á mánuði.

Í mati á stuðningsþörf skal meta hvort umsækjandi hafi þörf fyrir þjónustu sem er á ábyrgð ríkisins, s.s. aðstoð í framhaldsskóla, háskóla eða á vinnustað. Heimilt er að semja við hlutaðeigandi stofnanir um aðkomu þeirra að áætlun um stuðning með fjárframlagi eða veittri þjónustu.

IV. kafli

Framkvæmd

10.gr.

Samkomulag um vinnustundir

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um að veita umsækjanda þjónustu í formi NPA skulu umsækjandi og félagsþjónusta lögheimilissveitarfélags umsækjanda gera með sér samkomulag sem kveður m.a. á um fjölda vinnustunda sem aðstoðarfólk skal vinna fyrir umsækjanda. Samkomulagið er undirritað af umsækjanda og félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags.

11.gr.

Fjárhæðir og meðferð fjármagns

Fjárhæðir greiddar fyrir hverja vinnustund skulu ákvarðaðar út frá þjónustuþörf notanda og taka mið af einhverju eftirtalinna:

- jafnaðartaxta vegna sólarhringssamninga með vakandi næturvöktum,
- jafnaðartaxta vegna sólarhringssamninga, sem geta nýtt sér hvíldarvaktir,
- jafnaðartaxta vegna samninga um þjónustu sem veitt er í dag- og kvöldvinnu um helgar og á hátíðisdögum.

Fjárhæðir taka mið af gildandi kjarasamningi milli NPA miðstöðvar og Starfsgreinasambands Íslands og Eflingar.

Bergrisinn bs. greiðir umsýsluaðila umsamda fjárhæð samkvæmt samkomulagi um vinnustundir. Notandi getur valið að semja við þann umsýsluaðila sem hann kys eða sjá sjálfur um umsýsluna enda hafi umsýsluaðili, lögaðili eða notandi sjálfur, starfsleyfi til að annast umsýslu og hafi gert samstarfssamning við félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags umsækjanda.

Umsýsluaðili skal að jafnaði nýta hverja mánaðargreiðslu í þeim mánuði sem hún er greidd. Umsýsluaðila er heimilt að færa til greiðslur vegna vinnustunda milli mánaða innan almanaksársins til þess að mæta breytilegum stuðningsþörfum. Ef uppsafnaðar greiðslur vegna vinnustunda nema allt að einni mánaðargreiðslu samkvæmt samningi skal umsýsluaðili upplýsa félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags og veita viðhlítandi skýringar. Ef fullnægjandi skýringar verða ekki veittar af hálfu umsýsluaðila er félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags heimilt að endurkrefja umsýsluaðila um fjárhæðina.

Umsýsluaðili ber ábyrgð á að ráðstafa fjármagninu í samræmi við heildstætt mat á stuðningsþörf, sbr. 8. gr. reglna þessara.

Einu sinni á ári skal ársuppgjör unnið miðað við 31. desember og skal því skilað til félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags umsækjanda eigi síðar en 20. janúar ár hvert. Það fjármagn, sem ekki hefur verið notað á tímabilinu, skal í lok árs skilað í heild sinni til félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags. Ljúki samningi aðila fyrr skal ársuppgjöri skilað 20 dögum eftir að síðustu launagreiðslur til aðstoðarfólks hafa verið inntar af hendi samkvæmt samningi aðila sem er að ljúka.

Umsýsluaðila ber að upplýsa félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags ef upp koma erfiðleikar við umsjón greiðslnanna.

Notanda ber að upplýsa félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags ef hann fær vitneskju um að umsýsluaðili hafi ekki staðið skil á greiðslum til aðstoðarfólks.

Félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags er heimilt að stöðva greiðslur tímabundið þegar notandi er ekki fær um að nýta þá þjónustu sem fjármagnið er ætlað til. Í þeim tilvikum þarf að taka tillit til skuldbindinga sem umsýsluaðili/notandi kann að hafa stofnað til í tengslum við þjónustuna.

Byggðasamlagið Bergrisinn ber ekki ábyrgð á rekstrarniðurstöðu eða fjárhagslegu tapi umsýsluaðila/notanda. Félagsþjónusta lögheimilissveitarfélags getur skoðað bókhald umsýsluaðila/notanda og skal umsýsluaðili/notandi vera til aðstoðar við skoðunina, meðal annars með því að leggja fram allar nauðsynlegar upplýsingar í tengslum við hana. Umsýsluaðili/notandi getur haft sinn eigin endurskoðanda viðstaddan við skoðunina.

12. gr.

Ráðning aðstoðarfólks

Að jafnaði er ekki gert ráð fyrir að aðstoðarfólk sé maki, sambýlismaður/sambýliskona eða náinn ættingi, sem heldur heimili með notanda.

Heimilt er að veita undantekningu frá framangreindu í þeim tilvikum þar sem sýnt hefur verið fram á að ættingi sé best til þess fallinn að veita stuðninginn og að tryggt sé að sannanlega sé um að ræða vilja notanda. Í þeim tilvikum skal viðkomandi ekki vera umsýsluaðili.

13. gr.

Endurmat á stuðningsþörf

Að frumkvæði félagsþjónustu lögheimilissveitarfélagsins skal stöðumat fara fram innan fjögurra mánaða eftir að samningur tekur gildi þar sem kannað er hvernig NPA nýtist og hvort markmið náist.

Endurmat á stuðningsþörf notanda og inntak samkomulags um vinnustundir þar að lútandi skal framkvæmt einu sinni á ári eða eftir þörfum.

Ef um verulega breytingu á stuðningsþörf er að ræða skal endurskoða samkomulag um vinnustundir og einstaklingssamning um NPA.

14. gr.

Breytingar á aðstæðum notanda

Notandi skal tilkynna félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags tímanlega um þær breytingar á högum sínum sem varðað geta framkvæmd NPA, þar á meðal um tímabundna dvöl annars staðar en á lögheimili, s.s. sjúkrahúslegu, sem og um lögheimilisflutning.

Breytingar á aðstæðum notanda geta leitt til endurmats á stuðningsþörf hvort sem er vegna aukinnar eða minnkaðrar stuðningsþarfar.

V. kafli

Eftirlit og upplýsingaskylda

15. gr.

Skyldur umsýsluaðila/notanda

Umsýsluaðili/notandi skal skila til félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags mánaðarlega yfirliti yfir hve margar vinnustundir hafa verið nýttar. Umsýsluaðili/notandi skal leggja fram og skila til opinberra aðila þeim upplýsingum sem þeir telja sig þurfa til að fullnægja skyldum sínum.

Umsýsluaðila/notanda er skylt að fenginni beiðni að veita félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags upplýsingar um tímaskrár, vinnuáætlanir og ráðningarsamninga.

Skilyrði fyrir samvinnu við umsýsluaðila/notanda er að starfsemin fari í öllu að gildandi lögum, reglugerðum og opinberum fyrirmælum um rekstur og starfsemi fyrirtækja.

Um kaup og kjör þess starfsfólks sem umsýsluaðili/notandi ræður til að sinna þjónustunni fer samkvæmt þeim samningi sem til grundvallar er lagður og gildir á almennum vinnumarkaði.

Að öðru leyti fer um skyldur umsýsluaðila/notanda samkvæmt samstarfssamningi milli umsýsluaðila/notanda og félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags auk reglugerðar um NPA nr. 1250/2018.

16. gr.

Skyldur félagsþjónustu lögheimilissveitarfélaga

Félagsþjónusta lögheimilissveitarfélagsins fer með ábyrgð á eftirliti með einstaklingssamningum um NPA.

Félagsþjónusta lögheimilissveitarfélags skal tilkynna umsýsluaðila/notanda um lagabreytingar, reglugerðarbreytingar eða breytingar á skipulagi og innihaldi þjónustunnar sem almennt má ætla

að skipt geti máli varðandi framkvæmd samnings aðila og taka þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru af þessum sökum svo unnt sé að efna samninginn.

Félagsþjónusta lögheimilissveitarfélags ber að stuðla að eins auðveldri tilfærslu til nýs umsýsluaðila og kostur er, óski notandi slíkrar tilfærslu.

Ráðgjafar félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags skulu veita upplýsingar varðandi ferli umsókna um NPA ásamt því að veita ráðgjöf og stuðning eftir því sem við á.

Félagsþjónusta lögheimilissveitarfélags mun á gildistíma reglnanna meta framgang og gæði þjónustunnar með hliðsjón af markmiðum og upplifun notenda og/eða persónulegra talsmanna.

VI. kafli

Vanefndir og uppsögn samnings

17. gr.

Vanefndir

Verði uppi ágreiningur milli Bergrisans bs. annars vegar og/eða umsýsluaðila/notanda hins vegar skal leitast við að jafna þann ágreining.

Félagsþjónusta lögheimilissveitarfélags getur krafist þess að umsýsluaðili/notandi bæti úr vanefndum á eigin kostnað. Vanefnd ber þó ávallt að tilkynna til gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að bæta úr. Félagsþjónusta lögheimilissveitarfélags skal setja hæfilegan tímafrest á því hvernig staðið skuli að úrbótum vanefnda. Séu úrbætur ekki gerðar innan þess tíma sem félagsþjónusta lögheimilissveitarfélags tilgreinir, getur hún krafist þess að umsýsluaðili/notandi greiði þann kostnað sem af hlýst til að koma að nauðsynlegum úrbótum.

Hafi umsýsluaðili/notandi ekki notað það fjármagn sem ætlað er til þjónustu eða notað fjármagnið á annan hátt en kveðið er á um í samningi aðila getur byggðasamlagið Bergrisinn endurkrafíð umsýsluaðila/notanda um þá fjárhæð sem úthlutað hefur verið samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Félagsþjónusta lögheimilissveitarfélags skal þó sjá til þess að ekki verði rof á þjónustu til notanda.

18. gr.

Riftun

Ef um verulegar vanefndir er að ræða geta aðilar rift einstaklingssamningi um NPA fyrirvaralaust og falla þá niður mánaðarlegar greiðslur byggðasamlagsins Bergrisans til umsýsluaðila vegna viðkomandi notanda. Fellur þá samkomulag um vinnustundir jafnframt úr gildi og eftir atvikum samstarfssamningur um umsýslu NPA milli sveitarfélags og umsýsluaðila.

Trúnaðarbrestur í samstarfi og gjaldþrot eða greiðslustöðvun umsýsluaðila/notanda telst ávallt til verulegra vanefnda af hálfu umsýsluaðila/notanda og réttmæt ástæða fyrirvaralausrar riftunar.

Í þeim tilvikum sem einstaklingssamningi um NPA er rift stöðvast greiðslur frá byggðasamlaginu Bergrisanum þegar í stað.

Byggðasamlaginu Bergrisanum er heimilt að krefja umsýsluaðila/notanda um endurgreiðslu fjármagns sem honum hefur verið úthlutað eða hluta af því, sé sýnt fram á að eitthvert eftirtalinna tilvika eigi við:

- a) Fjármagnið að hluta til eða í heild hefur ekki verið nýtt til að koma til móts við skilgreindar þarfir notanda fyrir stuðning samkvæmt áætlun.
- b) Ákvæðum samningsins hefur ekki verið fylgt.

Í þeim tilvikum sem einstaklingssamningi um NPA er rift ber félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags að tryggja að lögbundin þjónusta við notanda hefjist tafarlaust og sjá til þess að lok samnings valdi notanda eins lítilli röskun og mögulegt er.

19. gr. Uppsögn á samningi

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samningsaðila einstaklingssamnings um NPA og samkomulags um vinnustundir er þrír mánuðir. Uppsagnarfrestur hefst fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögn var sannanlega tilkynnt gagnaðila með formlegum hætti svo unnt sé að skipuleggja þjónustu við notanda frá félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags, ef við á. Við andlát notanda ber að greiða umsamda samningsfjárhæð í allt að þrjá mánuði.

Sé einstaklingssamningi um NPA sagt upp fellur samkomulag um vinnustundir jafnframt úr gildi og eftir atvikum samstarfssamningur um umsýslu NPA milli sveitarfélags og umsýsluaðila.

VII. kafli

Málsmeðferð

20. gr. Könnun á aðstæðum

Félagsþjónusta lögheimilissveitarfélags skal kanna aðstæður notanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um þjónustu í formi NPA hefur borist. Tryggja skal að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin. Taka skal ákvörðun um málið eins fljótt og auðið er.

21. gr.

Samvinna við umsækjanda

Öflun gagna og upplýsinga er unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við persónulegan talsmann, umboðsmann hans eða réttindagæslumann fatlaðs fólks, eftir því sem við á. Umboðsmaður eða persónulegur talsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

22. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málsgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda/notanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það er í samræmi við lög og stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

23. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags umsækjanda bjóða umsækjanda ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda/notanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna samnings um þjónustu í formi NPA.

24. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Samningur um þjónustu í formi NPA sem gerður er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu notanda fellur þá þegar úr gildi og getur félagsþjónusta lögheimilissveitarfélags endurkafið notanda um þá fjárhæð sem úthlutað hefur verið samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Félagþjónusta lögheimilissveitarfélags umsækjanda skal þó sjá til þess að ekki verði rof á nauðsynlegri þjónustu við notanda.

Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi/notandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan umsækjanda/notanda er gefið tækifæri til að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

25. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags umsækjanda taka ákvarðanir, í umboði byggðasamlagsins Bergrisans, samkvæmt reglum þessum og gildandi fjárhagsáætlun.

26. gr.

Kynning á ákvörðun um veitingu þjónustu í formi NPA

Kynna skal niðurstöðu umsóknar um þjónustu í formi NPA fyrir notanda með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal notandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðunin er rökstudd með skýrum hætti með vísan til stjórnsýslulaga nr. 37/1993, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, reglugerðar um NPA nr. 1250/2018, og reglna byggðasamlagsins Bergrisans bs. um NPA fyrir fatlað fólk.

27. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi/notandi getur skotið ákvörðun Bergrisans til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags var tilkynnt.

28. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar með stoð í 11. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, og 3. mgr. 3. gr. reglugerðar um NPA, nr. 1250/2018, og kveða þær á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita. Reglur þessar voru samþykktar af stjórn Bergrisans þann 1. desember 2025 og öðlast þegar gildi.